



## Grænni byggð – Green Building Council Iceland

Stjórnarfundur 6. apríl 2022

**Staðsetning fundar:** Teams

**Dagsetning:** mið 06.04.2022 kl. 14:00

**Mættir:** Anna, Áróra, Íris, Alexandra, Bjarni, Olga, Sirrý. Fjarverandi: Ragnar

**Fundarritari:** Alexandra

GBC Iceland:

1. Alexandra Kjeld, ritari stjórnar (AK), – EFLA verkfræðistofa - [alexandra.kjeld@efla.is](mailto:alexandra.kjeld@efla.is)
2. Bjarni Þór Þórólfsson, meðstjórnandi (BPP), – Búseti – [bjarni@buseti.is](mailto:bjarni@buseti.is)
3. Olga Árnadóttir, stjórnarmaður (OÁ), – Framkvæmdasýsla ríkisins – [olga.a@fsr.is](mailto:olga.a@fsr.is)
4. Ragnar Ómarsson, formaður stjórnar (RÓ), – Verkís verkfræðistofa – [rom@verkis.is](mailto:rom@verkis.is)
5. Sigríður Ósk Bjarnadóttir, stjórnarmaður (SÓB), – VSÓ ráðgjöf - [sigridur@vso.is](mailto:sigridur@vso.is)
6. Anna Sigríður Jóhannsdóttir, stjórnarmaður (ASJ), - VA arkitektar – [anna@vaarkitektar.is](mailto:anna@vaarkitektar.is)
7. Íris Þórarinsdóttir, gjaldkeri stjórnar (ÍÞ), - umhverfisstjóri hjá Reitum – [iris@reitir.is](mailto:iris@reitir.is)
8. Áróra Árnadóttir (ÁÁ) – framkvæmdastjóri Grænnar byggðar – [arora@graennibyggd.is](mailto:arora@graennibyggd.is)

### Dagskrá fundar:

1. Fréttir úr starfi
2. Ný stöðugildi hjá GB

#### 1. Fréttir úr starfi

Katarzyna Jagodzinska kemur inn í upphaf fundar, kynnir sig og CIRCON verkefnið og segir frá stöðu þess. Hún flytur bráðum til Íslands og mun vinna í nánun samstarfi við Áróru.

Rædd var þátttaka GB á Verk og vit og uppgjör. Rætt var hvort að það væri þess virði að taka þátt á næsta ári, eða hvort að tíma og fjármunum sé betur varið í aðra viðburði til þess að ná til geirans. Sem dæmi gekk orkunýtingarmálstofa mun betur. Á næsta ári kæmi til greina að taka þátt í málstofum á Verk og vit.

Orkunýtingarfundur gekk vel 31. mars, fjölmennur bæði á staðnum sem og á netinu. Hinsvegar gengu tæknimálin ekki nógu vel á morgunfundi um hringrásarhagkerfið í Grósku með KLAK þann 16. mars. Rætt var fyrirkomulag funda framvegis, að betur færi að hafa færri viðburði „á stað“, þar sem vel er að tæknimálum staðið, og inn á milli hreina netfundi.

Ræddur var næsti morgunfundur – fyrirhugaður 20. apríl. Erfiður tími og akkúrat á frítíma. Ákveðið var að fresta þessum fundi og/eða dreifa fundarefni (lífræn byggingarefni) inn á næstkomandi viðburði, t.d. aðalfund og morgunfund í maí.

Aðalfundur GB fyrirhugaður 28. apríl, skipulagsfundur fyrirhugaður 13. apríl.

#### 2. Ný stöðugildi hjá GB

WP4 vinna er hafin. HMS hefur boðið GB upp á vinnuáðstöðu á skrifstofu sinni, þar sem Áróra og Katarzyna geta einnig unnið. Ákveðið var að ráða inn manneskju í 100% starf. Mikil



ánægja stjórnarmanna með þetta fyrirkomulag. Auglýst verður eftir annarsvegar WP4 starfsmanni og sumarstarfsmanni fyrir Grænni byggð. Tölvubúnaður er til fyrir sumarstarfsmann.

Farið yfir stöðu UAR verkefna.

Fleira var ekki gert, fundi slitið kl 15.